

Mánudaginn 28. apríl 1975.

Nr. 157/1973. **M** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

K (Guðrún Erlendsdóttir hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Leó Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Hermann G. Jónsson, settur bæjarfógeti á Akranesi.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 30. október 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. október s. á. Krefst hann aðallega ómerkingar á hinum áfrýjaða dómi, en til vara krefst hann sýknu af kröfum stefndu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefnda, sem fengið hefur gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 30. apríl 1974, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Eigi eru efni til að sinna ómerkingarkröfu áfrýjanda.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Dæma ber áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000, sem renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.

Það athugast, að áfrýjandi er samkvæmt gögnum máls skráður í prestspjónustubók faðir barns þess, er málið fjallar um, eftir einhliða skýrslu stefndu og að áfrýjanda fornspurðum.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, **M**, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti,

25.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 20. júní 1973.

Hinn 25. september 1970 ól sóknaraðili í máli þessu, K, ógift stúlka, fædd ..., til heimilis ..., meybarn á sjúkrahúsi. Samkvæmt vottorði Helgu Ragnheiðar Höskuldsdóttur ljósmóður var fæðingarþyngd barnsins 3.540 gr. og lengd 52 cm.

Barnið hlaut í skírn nafnið B.

Föður að barni sínu lýsti sóknaraðili M, þá til heimilis ..., fæddan En hann hefur eigi við faðernið kannast.

Hóf barnsmóðir þá mál þetta með beiðni um meðlagsúrskurð, dags. 16. október 1970.

Sóknaraðili hefur gert þær dómkröfur í málinu, að varnaraðili, M, verði dæmdur faðir barns sóknaraðilja, B, er fæddist 25. september 1970, og hann verði dæmdur til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs þess, fæðingarstyrk svo og tryggingargjald hennar árið 1970.

Til vara krefst sóknaraðili fyllingareiðs svo og málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Dómkröfur varnaraðilja, M, í málinu eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja í máli þessu og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Málavextir eru þessir:

Sóknaraðili, K, mætti fyrst fyrir dómi í máli þessu 18. febrúar 1971. Hún sagðist hafa kynnst varnaraðilja, M, haustið 1969, en þó hafa séð hann áður, er hann var hér á ... við sjómennsku.

Samkvæmt skipshafnarskrá m/b Z, sem lögð hefur verið fram sem dómsskjal í máli þessu, var varnaraðili lögskráður I. vélstjóri frá 16. október til 31. desember 1969. II. vélstjóri var A, sem einnig kemur við sögu í máli þessu, og var hann lögskráður á skipið á sama tíma. Ýmsir hásetar voru á skipinu, og er hér ástæða að nefna D frá ..., sem einnig var lögskráður frá 16. október til 18. nóvember 1969.

Menn þessir bjuggu þetta haust, 1969, í íbúð á efri hæð að X . . . , en hún var eign Y, en það fyrirtæki á fyrrnefndan bát.

Sóknaraðili var þetta haust, 1969, í III. bekk Gagnfræðaskóla Hún kvaðst ásamt tveim skólasysturum sínum hafa farið að venja komur sínar að X til fyrrnefndra sjómanna. Voru það E, sem var í sama bekk og sóknaraðili, einnig 15 ára, og F, 14 ára að aldri, er var í II. bekk skólans. Sóknaraðili kvað F, sem er ávallt kölluð G, hafa kynnst A, og hafi það orðið til þess, að þær fóru að fara þarna í heimsóknir. Þessar heimsóknir stúlknanna voru í október, nóvember og desember fram að jólum. Sóknaraðili sagði þær hafa komið að X síðdegis eða að kvöldum og stundum oftast en einu sinni sama daginn. Sóknaraðili segir, að þau hafi spjallað saman, spilað á spil o. fl., og voru þeir alloft með áfengi, einkum D og H. Þeir höfðu herbergi þarna hvor fyrir sig. Þær stúlkurnar komu einkum í herbergi D, en strákarirnir voru þar alltaf, segir sóknaraðili. Það kom fyrir, að strákarirnir buðu þeim stúlkunum í leigubíl um bæinn, en sóknaraðili segist aldrei hafa neytt áfengis með þeim og ekki heldur hinar stúlkurnar. Sóknaraðili segir, að þær hafi yfirleitt komið að X að eigin ósk. Segir sóknaraðili, að hún hafi ekki haft samfarir við neinn fyrrnefndan mann nema M og hafi það átt sér stað í eitt skipti í desembermánuði skömmu fyrir jól. Það var skömmu fyrir kvöldmat, og var E með henni. Þær voru á leið að X og mættu þá M og A. Voru þau samferða inn til þeirra. M bauð sóknaraðilja inn til sín, en E var í herbergi A. Fóru samfarirnar fram á legubekk í herbergi M. Voru þau um hálfa klukkustund inni í herbergi hans. Eftir það fóru þær heim. Sóknaraðili kvaðst ekki vita til þess, að M hafi gætt neinnar varúðar til að forðast getnað. Sóknaraðili kveðst hafa haft á klæðum í byrjun desember síðast og ekki aftur í janúarmánuði, er tími var kominn, og taldi þá, að hún væri barnshafandi. Sóknaraðili segist þó ekki hafa nefnt þetta við neinn, og vann hún í frystihúsi síðari hluta vetrar, því að hún hætti í skólanum um áramót. Hún fór ekki til læknis og sagði fyrst ömmu sinni frá þessu í maí eða júní, en sóknaraðili er alin upp hjá móðurforeldrum sínum.

Sóknaraðili segir, að móðir sín hafi haft samband við M og hann þá neitað faðerni barnsins.

Sóknaraðili staðhæfir, að hún hafi ekki á getnaði barnsins haft samfarir við annan karlmann en M og komi því ekki annar til greina en hann sem faðir barnsins.

Sóknaraðili telur, að hún hafi ekki komið að X eftir þetta, en segist þó ekki geta gefið neina skýringu á því.

Áður en skýrt er nánar frá síðari framburði sóknaraðilja í máli þessu, skal hér skýrt frá framburði fyrrnefndra stúlkna fyrir dómi 16. apríl 1971.

Vitnið E, fædd . . . 1954, kvað það rétt vera, að hún hafi verið í sömu bekkjardeild skólans og sóknaraðili haustið 1969. Hún kvað það einnig rétt vera, að þær þrjár fyrrnefndar stúlkur hafi þetta haust, 1969, komið nokkuð oft að X, þar sem þá bjuggu nokkrir sjómenn af bátum Y. Hún segir, að F hafi kynnst strák, sem hét A, sem þarna bjó, og eftir það hafi heimsóknir þessar hafist. Vitnið segist nokkuð hafa kynnst þessum strákum og man eftir H og D, sem kallaður var I. Vitnið man nú ekki nákvæmlega, hvenær þessar heimsóknir voru, en telur þær hafa verið frá því í október og fram í miðjan desember. Vitnið man, að D og H fóru á brott úr bænum í nóvembermánuði, og segist vitnið minnst þess að hafa komið að X eftir það. Vitnið segir það hafa komið fyrir, að þær stúlkurnar fóru í bifreið með þeim um bæinn.

Vitnið kveðst minnst þess, að sóknaraðili var eitt sinn ein inni í herbergi M nokkurn tíma, en nánar aðspurð um það, hvenær það hafi verið, kveðst vitnið ekki muna það og ekki heldur, hvaða tíma dags, en tekur um leið fram, að þær hafi verið í skóla til klukkan 5—6 að öllum jafnaði.

Vitnið vissi ekki fyrr en einhvern tíma um vorið 1970, að sóknaraðili væri barnshafandi, en kveðst aldrei hafa heyrt neinn nefndan sem föður barns sóknaraðilja nema varnaraðilja í máli þessu.

Sérstaklega aðspurt segist vitnið ekki minnst þess, að sóknaraðili hafi verið inni í herbergi hjá öðrum strákum en varnaraðilja, og segist vitnið halda, að það hafi verið aðeins þetta eina sinn.

Vitnið F, . . . , fædd . . . 1955, kveðst hafa haustið 1969, er það var hér í gagnfræðaskólanum, kynnst nokkuð A, er bjó að X, og segir vitnið, að hún hafi þetta haust nokkuð oft komið að X ásamt skólasystrum sínum, E og K, sóknaraðilja máls þessa. Einnig man vitnið eftir D, kallaður I, og H og segir, að þeir síðarnefndu hafi í nóvember farið á brott úr bænum, og segist vitnið hafa komið á X eftir það. Vitnið kvaðst ekki geta upplýst um kynni sóknaraðilja við varnaraðilja, en segist þó hafa séð, að þau kysstust, en ekki kveðst hún geta neitt um það borið, hvort þau hafi haft samfarir saman. Sóknaraðili hafi aldrei haft orð að

því við vitnið. Sóknaraðili hafi hætt í skólanum um áramót, og vissi vitnið ekki fyrr en um vorið, að sóknaraðili væri barnshafandi, en þá sagði sóknaraðili vitninu, að varnaraðili væri faðir barns hennar. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að sóknaraðili hafi verið með öðrum en varnaraðilja.

Þann 13. desember 1971 mætti sóknaraðili enn fyrir dómi. Hún hélt fast við kröfur sínar í málinu, en sagðist ekki muna nákvæmlega, hvenær samfarirnar við sóknaraðilja áttu sér stað, en telur þær hafa farið fram rétt fyrir jólin 1969 og sagðist þá eiga við a. m. k. viku fyrir jól. Sóknaraðili vildi þó eigi staðhæfa neitt um þetta atriði. Hún sagði, að M hafi spurt hana, er þau höfðu samfarirnar, hvenær hún hefði haft síðast á klæðum, og kvaðst hún hafa sagt honum, að það hefði verið nokkrum dögum áður. Hún minnst þess ekki, að M hafi í umrætt sinn spurt hana um, hvort hún hefði verið með D, enda sagði hún, að M hafi vitað, að þau höfðu verið saman. Sóknaraðili viðurkenndi í dóminum að hafa haft samfarir við D einu sinni í herbergi hans að X, en hann bjó þá með H. Var það að kvöldi til, og segist sóknaraðili ekki muna nánar hvenær, en sagðist halda, að það hafi verið um einum mánuði áður en hún hafði samfarir við varnaraðilja.

Þann 19. september 1972 mætti sóknaraðili enn fyrir dómi í máli þessu. Staðhæfir hún enn, að enginn annar komi til greina sem faðir barnsins hennar en varnaraðili.

Mætti þá einnig í dóminum varnaraðili málsins. Voru þau samþrófuð. Þau voru sammála um, að þau hafi eigi notað getnaðarvarnir við samfarirnar.

Sáttatilaun var og reynd, en reyndist árangurslaus.

Sóknaraðili kom enn fyrir dóminn 7. mars 1973. Er sóknaraðilja þá kynnt frásögn D, sem fyrr er nefndur og síðar verður lýst nánar um, að hún (sóknaraðili) hafi haft samfarir við A II. vélstjóra á Z, en það kvaðst D hafa haft eftir A. Sóknaraðili kvaðst vel muna eftir A, en neitaði því eindregið, að hún hafi haft samfarir við hann haustið 1969 eða nokkru sinni og sagðist aldrei hafa verið ein með honum í herbergi hans eða annars staðar.

Að lokum kom sóknaraðili fyrir dóm 23. maí sl. og hélt enn fast við kröfur sínar. Dómarinn spurði sóknaraðilja nánar um samfarir hennar við varnaraðilja, og svaraði hún strax orðrétt: „Ég var bara með honum í þessum mánuði“. Dómarinn innti hana enn fremur eftir því, með hverjum hún hafi verið áður, og sagði hún orðrétt: „Ég held það hafi verið I“. Þá innti dómarinn sóknar-

aðilja eftir því, hvort hún hafi haft samfarir við annan karlmann eftir samfarirnar við varnaraðilja, á meðan hún gekk með barnið, og svaraði hún því neitandi.

Ítrekað aðspurð um það, hvort hún hafi eigi haft samfarir við fleiri karlmenn en framángreinda 2 menn sumarið og haustið 1969, neitaði sóknaraðili því staðfastlega.

Vitnið Helga Ragnheiður Höskuldsdóttir ljósmóðir kom fyrir dóm 6. mars 1973. Segist vitnið muna sérstaklega eftir sóknaraðilja máls þessa, vegna þess hve ung hún var og einnig vegna þess, að móðir sóknaraðilja vann á sjúkrahúsinu, er stúlkan fæddi barn sitt. Vitnið vissi, að hún var eigi gift eða trúlofuð, enda aðeins 16 ára gömul, er hún ól barn sitt, og kvaðst því hafa innt hana eftir því, hvort hún ætlaði að gefa upp barnsföður. Sóknaraðili svaraði því hiklaust, að faðir barnsins væri M frá . . . , en eigi vissi hún fæðingardag hans eða heimilisfang. Sérstaklega aðspurt sagði vitnið, að hún hafi eigi orðið vör við neinar efasemdir hjá sóknaraðilja um, hver væri faðir barns hennar.

Varnaraðili, M, kom fyrst fyrir dóm 14. nóvember 1971, en hann hafði óskað eftir blóðrannsókn í málinu í apríl 1971, og fór hún fram, eins og síðar verður rakið, en hann var þá í Vélstjóraskólanum í Reykjavík. Sumarið 1971 var hann við síldveiðar í Norðursjó.

Varnaraðilja var kynnt sú niðurstaða blóðflokkarannsóknar, að hann gæti verið faðir barns sóknaraðilja. Hann kvaðst að svo stöddu þó eigi viðurkenna faðerni barns sóknaraðilja, en kvaðst þurfa frest í málinu og fram færi frekari athugun í málinu, áður en hann gæti gefið fullnaðarsvar við því, hvort hann væri faðir barnsins eða eigi.

Varnaraðili kvaðst kannast við K, sóknaraðilja máls þessa. Hann kvaðst hafa verið skipverji á Z hér á . . . árið 1968 og 1969 og fram á árið 1970 á vetrarvertíð og síðan sumarið 1970, en fór í Vélstjóraskólann 15. september 1970. Varnaraðili bjó að X og hafði þar herbergi einn, en stundum með öðrum. Haustið 1969 var varnaraðili einn í herbergi. Sóknaraðili kom mjög oft að X haustið 1969 og þá með ýmsum stúlkum, en oftast E, og einnig kom þangað stúlka, sem kölluð var G. Um haustið var varnaraðili á síldveiðum og kom oft í land og var oft um borð í landlegum sem vélstjóri.

Varnaraðili var I. vélstjóri, en A II. vélstjóri. A bjó þarna að X svo og H, D og K háseti.

Varnaraðili viðurkenndi að hafa eitt sinn snemma í desember

verið einn með sóknaraðilja í herbergi hans á X og hafi það verið rétt fyrir kvöldmat. A var þá í sínu herbergi og hjá honum E, en stúlkurnar komu að húsinu um sama leyti og þeir A komu heim úr vinnu. Varnaraðili neitaði því eigi að hafa í umrætt sinn haft samfarir við sóknaraðilja og hafi þær farið fram á legubekk hans. Hann kvaðst hafa gætt þess að missa ekki sæði til sóknaraðilja og kveðst hafa spurt hana, hvenær hún hefði haft síðast á klæðum, og svaraði sóknaraðili því til, að hún vissi það ekki.

Varnaraðili ítrekaði, að samfarir þessar hafi átt sér stað fyrstu dagana í desember og taldi það hafa verið 4. eða 5. desember 1969. Varnaraðili sagðist aldrei hafa haft samfarir við sóknaraðilja í önnur skipti og taldi það ólíklegt, að þessar samfarir hafi leitt til getnaðar. Því kvaðst hann ekki geta né vilja viðurkenna faðerni barnsins að svo stöddu.

Varnaraðili sagðist hafa grun um, að sóknaraðili hafi haft samfarir við D háseta, er einnig var þarna í herbergi og bjó með H, meðan þeir voru hér á skipinu. Varnaraðili taldi, að D hafi verið hér í bæ um viku, eftir að hann var afskráður samkvæmt skipshafnarskrá. H sagði upp og fór á brott á undan D, og það kveðst varnaraðili muna örugglega. Varnaraðili kvaðst hafa spurt sóknaraðilja, er þau höfðu samfarir saman í umrætt sinn, hvort hún hefði verið með I eða A, og sagði hún, að hún hefði ekki verið með A, en viðurkenndi að hún hefði haft samfarir við I.

Næst kom sóknaraðili fyrir dóm 26. maí 1972, og lá þá fyrir í dóminum sú niðurstaða blóðflokkannsóknar, dags. 17. apríl 1972, að D gæti eigi verið faðir barns sóknaraðilja.

Varnaraðili kvaðst þó eigi vilja viðurkenna faðerni barns sóknaraðilja og óskaði eftir fresti til að útvega sér talsmann í málinu.

Eins og fram hefur komið áður, kom sóknaraðili fyrir dóm 19. september 1972 ásamt varnaraðilja til samprófunar og sáttaumleitunar.

Í dómþingi þessu ítrekaði varnaraðili, að er hann hafi haft samfarirnar við sóknaraðilja, hafi hann gætt þess að fella ekki sæði til sóknaraðilja, enda hafi samfarirnar verið svo ófullkomnar, að þær hafi eigi getað leitt til sáðláts eða getnaðar.

Varnaraðili óskaði eftir talsmanni í málinu. Að hans ósk fór enn fremur fram allmikil framhaldsrannsókn í málinu, m. a. voru endurteknar allar blóðflokkannsóknir, er fram höfðu farið í málinu.

Að lokum kom varnaraðili fyrir dóm 23. maí sl. Tók hann þá sérstaklega fram, að samfarir hans og sóknaraðilja hafi verið

mjög ófullkomnar og vart getað talist samfarir. Taldi hann þær alls ekki hafa getað leitt til getnaðar. Varnaraðili ítrekaði, að honum hafi eigi orðið sáðfall við áðurnefndar samfarir við sóknaraðilja, enda hafi þetta fikt við stúlkuna ekki gefið tilefni til þess, eins og varnaraðili komst að orði í dóminum. Lýsti hann því og yfir, að hann vildi eigi viðurkenna faðerni barns sóknaraðilja.

Eins og fram er komið hér að framan, viðurkenndi sóknaraðili samfarir við D, I, í herbergi hans að X um einum mánuði áður en hún hafði samfarir við varnaraðilja. D, þá til heimilis ..., fæddur ... 1947, kom fyrir dóm í ... 24. janúar 1973 vegna máls þessa. Hann kvaðst hafa verið skipverji á Z og verið afskráður um haustið 1969, og kveðst hann hafa farið daginn eftir afskráninguna til Reykjavíkur og síðan til

D kvaðst einu sinni hafa haft samfarir við K. Hafi það verið í herbergi hans að X, og minnti hann, að það hafi verið um það bil tveim vikum eftir að hann var lögskráður á Z. Nákvæmari tímasetningu kvaðst D ekki geta gefið og taldi, að 11—12 mánuðir væru frá því, að hann hafði samfarir við sóknaraðilja, þar til hún fæddi barn sitt.

D sagði, að sóknaraðili hefði ekki haft orð á því við sig, að hún væri með öðrum um þetta leyti. Hann sagði hins vegar, að A, II. vélstjóri á Z, til heimilis ..., hafi sagt, að hann, A, hefði haft samfarir við K. Hann kveðst ekki geta borið frekar um samband sóknaraðilja við aðra karlmenn og ítrekaði, að hann hefði aðeins einu sinni haft samfarir við sóknaraðilja.

Vegna þessa framburðar D var A frá ..., þá til heimilis ..., Reykjavík, fæddur ... 1951, kvaddur fyrir dóm 28. mars 1973 í Reykjavík.

Hann kvaðst hafa verið II. vélstjóri á Z haustið 1969 og hafi hann búið að X ásamt varnaraðilja, D og fleirum. Þeir félagar kynntust nokkrum stúlkum, búsettum á ..., og voru meðal þeirra K og stúlka, sem kölluð var G.

A kvaðst aldrei hafa haft samfarir við K, en einu sinni við G. Hann sagði, að hann gæti ekki fullyrt, að hann hafði ekki sagt D, að hann hefði haft samfarir við K. A sagði, að hafi hann sagt D það, hafi það ekki verið sannleikanum samkvæmt, heldur til að gorta af. Hann sagðist þó ekki muna eftir að hafa sagt þetta við D. A kvaðst ekki geta borið um það, hvort aðrir hafi haft samfarir við K þann tíma, sem hann dvaldist á

Eins og fram hefur komið í máli þessu, fór fram blóðflokka-

rannsókn hjá Rannsóknastofu Háskólans á sóknaraðilja, barni hennar og varnaraðilja svo og D.

Fyrst fór fram rannsókn á blóði sóknaraðilja, barni hennar og varnaraðilja, og er álitssgerð Ólafs Bjarnasonar prófessors, dr. med., dags. 14. september 1971, þannig: „Niðurstaða þessarar rannsóknar samrýmist því, að M sé faðir óskírðs meybarns f. 25. 9. 1970, dóttur K“.

Því næst fór fram blóðflokkarannsókn á sóknaraðilja, barni hennar, B, og D.

Álitssgerð Ólafs Bjarnasonar prófessors, dr. med., um þá rannsókn er dagsett 17. apríl 1972, er þannig: „Samkvæmt niðurstöðu þessarar rannsóknar getur D ekki verið faðir B, dóttur K, þar eð D er „homozygot“ með tilliti til eiginleikans S, og hljóta því öll afkvæmi hans að erfa þann eiginleika, en eiginleikinn finnst ekki í blóði B“.

Loks fór fram blóðflokkarannsókn á blóði allra framangreindra aðilja að beiðni lögmanns varnaraðilja, og er álitssgerð Ólafs Bjarnasonar prófessors, dr. med., um þá rannsókn, dags. 13. febrúar 1973, svohljóðandi: „Samkvæmt niðurstöðu þessarar rannsóknar getur D ekki verið faðir B, dóttur K, þar eð barnið er „homozygot“ með tilliti til eiginleikans S og hlýtur því að hafa erfð þann eiginleika frá báðum foreldrum, en hann finnst ekki í blóði D. Hins vegar samrýmist niðurstaða rannsóknarinnar því, að M sé faðir barnsins. Þetta er í samræmi við fyrri niðurstöður, sbr. bréf til yðar, dags. 24/9 1971 og 17/4 1972“.

Með bréfi dómarans, dags. 30. nóvember 1971, til yfirlæknis, L, var leitað álits hans á eftirfarandi:

1. Hver er líklegasti getnaðartími barnsins, sem fætt er, eins og fyrr segir, 25. september 1970?

2. Hver er fyrsti og síðasti hugsanlegi getnaðartími barnsins?

Álit yfirlæknis er dags. 6. desember 1971, svohljóðandi:

„Sem svar við bréfi þínu varðandi barnsfaðernismáls K, . . . , f. . . 1954.“

Hún ól hér meybarn þann 25/9 1970, barnið virtist fullburða og vó 3640 gr., lengd barnsins var 52 cm, sem líklegan getnaðartíma er alltof erfitt að ákveða með fullri vissu, en ég mundi þó segja seinni partinn í nóvember eða í desember og kannski sennilegasti tíminn eitthvað í kringum miðjan desember. En svar við annarri spurningu, hver sé fyrsti og síðasti hugsanlegi getnaðartími barnsins, það er ekki hægt að svara þeirri spurningu með

vissu, en eins og ég sagði áður, þá er lang líklegasti getnaðartími barnsins desembermánuður eða síðasti hluti nóvember 1969“.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, hefur varnaraðili kannast við að hafa haft samfarir við sóknaraðilja í byrjun desember 1969, og upplýst er í málinu, að það er líklegasti getnaðartími mey barns þess, er hún ól 25. september 1970.

Blóðrannsókn útilokar varnaraðilja eigi frá því að vera faðir barnsins. Hins vegar útilokar blóðrannsókn D frá því að vera faðir barns sóknaraðilja, en hún viðurkenndi að hafa haft samfarir við hann á mögulegum getnaðartíma barnsins. Hún hefur staðfastlega neitað því að hafa haft samfarir við fleiri karlmenn á mögulegum getnaðartíma barnsins, eða sumarið og haustið 1969 og eftir að hún hafði samfarir við varnaraðilja. Hefur þeirri staðhæfingu hennar eigi verið hnekkkt.

Ber því að dæma varnaraðilja föður að barni því, er sóknaraðili ól 25. september 1970, sbr. 212. gr. laga nr. 85/1936. Skal varnaraðili greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma varnaraðilja til greiðslu alls málskostnaðar. Kostnaður, er bæjarfógetaembættið hefur greitt vegna málsins, er kr. 5.025. Þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðilja í málinu, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmans, þykir hæfilega ákveðin kr. 20.000. Samkvæmt 215. gr. laga nr. 85/1936 ber að leggja málsvarnarlaun út af ríkisfé. Málskostnaður, samtals kr. 25.025, er varnaraðilja ber að greiða, rennur því til ríkissjóðs.

Dómsorð:

Varnaraðili, M, skal teljast faðir að barni því, B, sem sóknaraðili, K, ól 25. september 1970.

Skal varnaraðili greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, kr. 20.000, greiðist úr ríkissjóði.

Varnaraðili greiðir í málskostnað kr. 25.025, er rennur í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.